




# Valgreinar skólaárið 2024 – 2025.

---



# Valáfangar í 8., 9. og 10. bekk

Skólaárið 2024-2025

Nú líður að vori og nemendur þurfa að fara að huga að námi sínu næsta vetur. Í þessu hefti eru lýsingar á þeim valáföngum sem verða í boði í Njarðvíkurskóla næsta skólaár.

Miðað er við að nemendur hafi að lágmarki 37 kennslustundir í stundatöflu. Nemendur í 8.-10. bekk stunda nám í kjarnagreinum í samtals 31 kennslustund á viku og gefst kostur á að velja sér **12 kennslustundir** í valgreinum yfir skólaárið.

## Yfirlit kennslustunda í stundatöflu í 8.-9. bekk

|                        |                      |                            |
|------------------------|----------------------|----------------------------|
| Íslenska 7/6 stundir   | Danska 3 stundir     | Enska 4 stundir            |
| Stærðfræði 5/6 stundir | Íþróttir 3 stundir   | Bekkjarfundur 1 stund      |
| Samfélagsgr. 3 stundir | Náttúrufr. 3 stundir | List/verkgreinar 2 stundir |

## Yfirlit kennslustunda í stundatöflu í 10. bekk

|                        |                      |                            |
|------------------------|----------------------|----------------------------|
| Íslenska 6 stundir     | Danska 4 stundir     | Enska 4 stundir            |
| Stærðfræði 5 stundir   | Íþróttir 3 stundir   | Bekkjarfundur 1 stund      |
| Samfélagsgr. 3 stundir | Náttúrufr. 3 stundir | List/verkgreinar 2 stundir |

Tilgangur með valgreinum er að gera nemendum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Þeir þurfa að horfa til framtíðar, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og hvar áhugi þeirra liggur.

Í þessu hefti eru upplýsingar um þær fjölmörgu valgreinar sem verða í boði í Njarðvíkurskóla næsta vetur ef næg þátttaka fæst í hópa. Flestar kjarnagreinar eru bóklegar og því getur verið hentugt fyrir nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til að auka fjölbreytni námsins. Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum/forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara, kennara einstakra greina eða námsráðgjafa og fá hjá þeim leiðsögn. Nemendur skulu varast að velja valgrein einungis af því að besti vinur velur hana.

Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur orðið að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og þá er vara kosturinn tekinn. Því er mikilvægt að það sem nemendur velja til vara séu valgreinar sem þau hafa áhuga á. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður námstilboð ef umsækjendur eru of fáir.

**Valgreinar eru ekki aukagreinar. Þær eru jafn mikilvægar og skyldunámsgreinar og kröfur um ástundun og árangur verða á engan hátt minni í valgreinum en í skyldunámsgreinum. Skipulag á stundatöflu næsta vetrar tekur mið af valgreinum og því er ekki hægt að breyta vali í haust þegar skóli hefst.**

Nemendur velja valgreinar rafrænt og þarf að svara fyrir 10. maí nk.

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti.

## Yfirlit valgreina – skólaárið 2024 – 2025

### Valgreinar innan skólans

Hérna koma upplýsingar um hverja valgrein fyrir sig. Til þess að auðvelda þá eru valgreinarnar merktar þeim bekkjum sem valgreinarnar eiga við.

**8. bekkur** 8

**9. bekkur** 9

**10. bekkur** 10

### Árshátíðaratriði – leiklist 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Unnið að því að undirbúa atriði fyrir árshátíð skólans. Aukið álag er á vinnu nemenda fyrir sýninguna en valinu lýkur eftir sýningu. Námsmat er mat á virkni og þátttöku nemenda.

- Tvær kennslustundir á viku

### Breakout - rökhugsun 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur efla hæfni sína í rökhugsun og hópavinnu með því að leysa í sameiningu þrautir í *Breakout* með því að finna vísbendingar í umhverfinu sem nýtast til að opna lás að næstu vísbendingu. Einnig verður unnið að því að útbúa þrautaleik fyrir aðra nemendur, bæði á yngsta-, mið- og elst stigi og eru nemendur þá að nýta hugmyndaflug sitt. ATH. Valið er fyrir þá sem hafa ekki setið valgreinina áður.

- Ein kennslustund á viku

### Enska 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Unnið að því að auka færni í lesskilningi og orðaforða. Tilvalið fyrir nemendur sem vilja verða betri í ensku. Verkefni og virkni metin.

- Ein kennslustund í viku

### Ég og framtíðin 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** farið yfir náms- og starfsfræðslu þar sem lögð er áhersla á sjálfspækingu og kynningu á nám og vinnu í framtíðinni. Eins er farið í námstækni.

- Ein kennslustund í viku

### Fatalitun 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur gera tilraunir með aðferðir við fatalitun, s.s. hnútalitun, teygjulitun, vafningslitun og spreylitun. Nemendur lita flíkur sem þeir koma með að heiman. Námsmat er mat á verkefnum, verkferli og verkmöppu.

- Ein kennslustundir á viku

### Fjallgöngur 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur fara undir leiðsögn kennara í 3-4 fjallgöngur yfir valtímabilið. Farið verður í göngu upp á Þorbjörn, Helgafell í Hafnafirði, Úlfarsfell og upp að Steini á Esjunni. Farið verður í göngurnar þegar vel viðrar.

Mikilvægt að nemendur séu vel útbúnir í göngurnar. Tímarnir sem göngurnar taka telja sem tveir tímar á viku hálf árið.

- **Telst sem tvær kennslustundir á viku (4 gönguferðir á góðviðrisdögum)**

### **Fjármálafræðsla** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Skemmtilegir umræðutímar þar sem við veltum fyrir okkur ýmsum hliðum persónulegra fjármála. Nemendur munu læra að lesa launaseðla, sem er eitt það mikilvægasta í okkar persónulegu fjármálum og lærum hver uppruni verðmæta er. Nemendur munu einnig læra um eignir, lán, sparnað og fjárfestingar þar sem þetta eru allt partur af persónulegum fjármálum.

Þá skoðum við verkfærakistu fjármálana svo eitthvað sé nefnt. Einnig er hugmynd að taka þátt í Fjármálaleikjunum ef næg þátttaka fæst. Námsmat er virkni nemenda í tímum.

- **Ein kennslustund á viku**

### **Fjölsport** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Í fjölsporti er áhersla á aðrar íþróttagreinar en stóru boltagreinar eins og badminton, blak, bandý, borðtennis, skotbolta, frisbí golf og kýló/sparkó. Námsmat í virkni í tímum.

- **Ein kennslustund á viku**

### **Fluguhnýtingar** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** kennt verða undirstöðu atriði fyrir að búa til einfaldar púpur og grunn atriði flugukasts. Hæfniviðmið eru: getur útbúið einfalda púpu, getur gert lokahnút, getur kastað flugu með flugustöng, kann grunnatriði flugukast. Námsmat í virkni nemenda í tímum.

- **Ein kennslustund á viku**

### **Frístund** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur fá innsýn í starf frístundaheimilis með því að aðstoða starfsmenn við leik og starf hjá nemendum frístundaheimilis skólans. Valið er unnið undir stjórn námsráðgjafa skólans.

- **Ein kennslustund á vik**

### **Forritun** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** nemendur fá kynningu á forritun á þeim tækjum sem eru í eigu skólans. Farið í grunnþætti forritunar og nemendur vinna sjálfstætt að verkefnum við hæfi.

- **Ein kennslustund á viku**

### **Gettu enn betur** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur kynnist því hvernig spurningakeppnir fara fram og æfa sig og undirbúa fyrir þátttöku í Gettu enn betur sem er spurningarkeppni grunnskólanna. Námsmat er virkni og þátttaka nemenda í tímum.

- **Ein kennslustund á viku**

## Glæpasaga 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** fjallað verður um glæpamál sem komið hafa upp víða um heim en þó aðallega á Íslandi. Bæði verða tekin fyrir leyst og óleyst mál sem eiga það sameiginlegt að vera furðuleg, flókin eða framandi. Námsmat er virkni og þátttaka nemenda í tímum.

- **Ein kennslustund á viku**

## Golf – fyrir stelpur/stálp 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** farið í grunnatriði í golfi, kennt í nærumhverfi skólans sem og farið í golfhermi GS og á æfingarvöll við Leiruna. Nemendur taka 10 klukkustundir á tímabilinu til að fá fulla mætingu. Hægt er að nota sínar golfkylfur eða fá lánað. Námsmat er mæting og virkni nemenda í tímum. Hámark 10 í hóp.

- **Telur sem ein kennslustund í viku**

## Golf – fyrir stráka/stálp 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** farið í grunnatriði í golfi, kennt í nærumhverfi skólans sem og farið í golfhermi GS og á æfingarvöll við Leiruna. Nemendur taka 10 klukkustundir á tímabilinu til að fá fulla mætingu. Hægt er að nota sínar golfkylfur eða fá lánað. Námsmat er mæting og virkni nemenda í tímum. Hámark 10 í hóp.

- **Telur sem ein kennslustund í viku**

## Hagnýt tölvunotkun til framtíðar 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur fá þjálfun í office forritum, s.s. excel til að nýta í námi. Einnig er þjálfun í fingrasetningu. Kennsla í uppsetning skjala, heimildaskráningu, reikningsaðgerðum og formúlum ásamt fleiru. Eins fá nemendur þjálfun í samvinnu og samskiptum á ýmsum samskiptaforritum s.s. tölvupósti. Námsmat felst í skilum á verkefnum. Tilvalið fyrir 9. og 10. bekk vegna notkunar á Cromebook tölvum.

- **Ein kennslustund á viku**

## Hárgreiðsla 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur fara í tækni við fléttur, fastar fléttur og fiskifléttur. Kenna auðveldar greiðslur fyrir fín og hversdagsleg tilefni, fara í tækni við að krulla hár með sléttujárni og krullujárni. Blástur með bursta og tækni við að slétta hárið. Einnig að fara í umhirðu hárs. Nemendur æfa sig á hvoru öðru auk þess að útbúa kennslumyndbönd í greiðslum. Möguleiki á að þeir sem taka þetta val geta boðið uppá greiðslur fyrir nemendur í atriðum á árshátíðinni.

- **Ein kennslustund á viku**

## Heilbrigður lífstíll 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Farið verður í grunnatriði næringar. Við munum taka fyrir vinsælan mat/drykki unglunga og greina eftir næringargildum. Farið verður yfir mikilvægi hreyfingar, hvíldar og svefns ásamt því að fjalla um líkamlega og andlega heilsu. Áhersla verður einnig á sjálfsmynd og markmiðasetningu. Farið verður yfir

hvernig þessir þættir hafa áhrif á hvernig við stöndum okkur í öllum lífsins verkefnum. Tímarnir verða fjölbreyttir, bóklegir/verklegir/úti/inni.

- **Ein kennslustund í viku**

## **Heimanám** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur vinna að heimanámi með aðstoð kennara. Ef nemendur eru ekki með heimanám í tímanum þá er tíminn notaður til að lesa í frjálslestrarbók. Námsmat er vinna nemenda í tímum.

- **Ein kennslustund á viku**

## **Heimilisfræði** 8

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur vinna sjálfstætt eftir uppskriftum og þjálfva verklega færni og samvinnu. Farið er í mismunandi bakstursaðferðir og matargerð mismunandi landa auk þess að læra að útbúa einfaldan heimilismat og meðlæti, þrif og frágang.

- **Tvær kennslustundir á viku.**

## **Hönnun og smíði** 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur hanna einn eða fleiri hlut að eigin vali með leiðsögn kennara. Mikilvægt er að verkefni nemenda séu raunhæf er varðar erfiðleikastig og kostnað. Nemendur vinna sjálfstætt og læra að beita verkfærum á réttan hátt auk þess að temja sér góðan frágang. Námsmat er byggt á leiðsagnarmati og frammistöðu nemenda í tímum.

- **Tvær kennslustundir á viku.**

## **Íslensk tónlistarsaga** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** nemendur fræðast um íslenska tónlistarsögu í víðu samhengi. Fræðst verður um tónlistarfólk úr öllum áttum, tísku, stefnu og strauma. Námsmat er byggt á virkni og frammistöðu nemenda í tímum.

- **Ein kennslustund í viku**

## **Slökun** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** farið í jóga nidra, núvitund og hugleiðslu. Unnið með líkama, huga og sál sem eina heild. Unnið með að endurnýja orku og opnun fyrir orkustöðvaflæði. Útbúnir grjóna augnpúðar í lokin ef tími vinnst til. Námsmat er frammistaða í tímum.

- **Ein kennslustund í viku**

## **Jóga** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** farið í jógastöður sem reyna á jafnvægi, liðleika og styrk. Slökun í lok tímans svo allir nemendur fari endurnærðir út í daginn. Námsmat er frammistaða í tímum.

- **Ein kennslustund í viku**

## Kertagerð 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur gera kerti úr kertaafgöngum. Með því eru þeir að læra um endurvinnslu og sjálfbærni. Nemendur læra að vinna með þau tæki sem notuð eru í kertagerð. Námsmat er mat á verkefnum, hugmyndavinnu og verkferli. **Tvær kennslustundir í viku**

## Körfuboltaspil 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur spila körfubolta í íþróttasal skólans. Markmið er að stuðla að heilsusamlegri hreyfingu, auka áhuga á körfubolta og stuðla að jákvæðri upplifun að íþróttinni sem og hreyfingu. Námsmat er mat á virkni í tímum.

- **Ein kennslustund á viku**

## Körfubolti – dómgæsla/NBA/Subway deildin/Euroleague ofl. 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Hefur þú áhuga á körfubolta og vilt dýpka skilninginn þinn á leiknum, þá er þetta val fyrir þig. Farið verður yfir reglur leiksins og staðsetningar dómara. Eins verður farið yfir stöðu í deildum á Íslandi sem og erlendis, atvik skoðuð og greind sem og mál sem koma upp á tímabilinu. Valið er ekki bara fyrir þá sem vilja verða dómarar heldur einnig fyrir leikmenn sem vilja aukinn skilning fyrir dómgæslu hjá yngri flokkum körfunnar. Námsmat er mat á virkni í tímum.

- **Ein kennslustund á viku**

## Lestraraðstoð yngri barna 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur fá leiðsögn í að þjálfa lestur yngri barna með því að læra ýmsar leiðir til þjálfunar. Nemendur fara í tíma hjá yngstu nemendum skólans og aðstoða þau við lestur. Fá þannig innsýn í starf kennara sem og reynslu í því að vinna með börnum. Námsmat er mat á virkni og þátttöku nemenda.

- **Ein kennslustund á viku**

## Listahátíð barna – listaval 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur vinna í vinnusmiðjum fjölbreytt listaverk fyrir listahátíð barna í Reykjanesbæ sem er á vordögum. Nemendur fá leiðsögn myndlistakennara auk þess sem valdir listamenn koma með kynningar. Markmiðið er að efla hugmyndaflug sitt í listum og hanna og skapa verk eftir eigin hugmyndum. Námsmat er mat á virkni og þátttöku nemenda.

- **Tvær kennslustundir í viku**

## Mecrame list 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** kennsla í að hnýta og búa til listaverk. Nemendur fá uppskrift til að vinna eftir frá kennara. Verkefni nemenda metin til einkunnar sem og virkni í tímum.

- **Tvær kennslustundir í viku**



## Myndlist 8

**Kennslutilhögun og námsmat:** Farið yfir formfræði, litafræði, teikningu og skissur. Eins er nemendum kynntar aðferðir við leirmótin, glerungar, steypu, gifs, skúlptúra,

klippimyndir og ljósmyndun. Verkefni nemenda metin til einkunnar sem og virkni í tímum.

- **Tvær kennslustundir í viku**

### **Prjónaval** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur læra helstu prjónaaðferðir og velja hvað þeir vilja prjóna, s.s. teppi, barnapeysu, húfur, treflasjöl osfrv. Nemendur nota til hugmyndavinnu prjónablöð og/eða myndbönd af netinu. Námsmat er virkni nemenda í tímum.

**\*Tvær kennslustundir á viku**

### **Ræðumenska - Morfís** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur eru þjálfaðir í því að gera grein fyrir máli sínu á skilmerkilegan hátt og tala af öryggi fyrir framan hóp fólks. Stefnt er að því að halda grunnskólakeppni í ræðumensku og munu nemendur æfa sig fyrir hana í tímum.

- **Ein kennslustund á viku**

### **Skák** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Skák er góð þjálfun fyrir einbeitingu og rökhugsun. Lögð verður áhersla á að tefla í tímunum en jafnframt að dýpka skilning nemenda með því að fara í byrjanir, miðtafl og endatafl.

- **Ein kennslustund á viku**

### **Skíðaval** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur fara í eina skíðaferð í Bláfjöll yfir valtímabilið. Farið verður í ferðina að morgni til með rútu þegar vel viðrar og nóg af snjó í fjallinu og komið heim seinnipartinn, u.þ.b. 5-6 klst af skíðatíma í fjallinu ásamt nestispásu. Fyrir ferð verður kynningafundur með skipulagningu og undirbúningi og eftir ferð er fundur um hvernig gekk.

Nemendur þurfa að kaupa skíðapassa í fjallið og einnig verður hægt er að leigja skíðabúnað/bretti í Bláfjöllum fyrir þá sem ekki eiga. Kennarar skólans munu bjóða upp á skíðakennslu fyrir þá sem eru að prufa skíði í fyrsta sinn.

- **Valfagið reiknast sem ein kennslustund á viku**

### **Skrautskrift** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur læri að skrifa eftir leiðbeiningum kennara form og lögun skrautskriftar, skapa sína eigin skrift og skreytingar á stöfum. Námsmat er mat á frammistöðu í tímum, verkmappa og tvö skrifleg próf.

- **Ein kennslustund á viku**

### **Spil og leikir** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Kynning á spilum og leikjum af ýmsu tagi, má þar nefna: Spil eins og kana, vist, brids, Trivial pursuit, ratleikir, útileikir o.fl. Markmiðið er að fá nemendur til þess að uppgötva gleðina sem felst í því að spila og leika sér. Góð



æfing í samskiptum og félagsfærni. Námsmat er mat á virkni og þátttöku nemenda í tímum.

- **Ein kennslustund í viku**

### Spænska 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur vinna með orðaforða, læra mun á helstu orðfloknum (nafnorð-lýsingarorð-sagnorð) og læra að setja saman einfaldar setningar. Námsmat er byggt á leiðsagnarmati og frammistöðu nemenda í tímum

- **Ein kennslustund í viku**

### Styrktarþjálfun 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Nemendur auka þekkingu sína í styrktar þjálfun, kynnast tækjabúnaði, auka alhliða styrk, hreyfigetu og jafnvægi. Nemendur fá sér sniðið styrktarþrógram og æfa undir eftirliti íþróttafræðings. Unnið verður með eigin líkamspyngd, laus lóð og bjöllur, tæki, stangir, teygjur og fleira. Námsmat er virkni nemenda í tíma

- **Ein kennslustund á viku**

### Þjálfraði 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Markmiðið með þessum áfanga er að nemendur kynnist uppbyggingu æfinga (tímaseðlar), uppsetningu æfinga (út frá markmiðum, stöðvar), stjórnun æfinga. Hæfniviðmið eru: getur útbúið tímaseðil fyrir 60 mín. æfingu, getur sett upp stöðvaæfingu fyrir gunnþætti í knattspyrnu eða körfuknattleik, getur stjórnað upphitun á æfingu, staðsetur sig rétt á meðan æfing stendur, getur útskýrt vel fyrir iðkendum hvað á að framkvæma bæði með orðum og sýnikennslu. Námsmat er virkni nemenda í tíma.

- **Ein kennslustund á viku**

## **Valgrein heilan vetur**

Samtals 2/4 kennslustundir á skólaárinu.

### Íþróttaval 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** áhersla á frjálsan leik. Mikið af áhöldum tekið út, kaðlar, hringir, kistur, bretti, badminton, blak og fleira. Áhersla á jákvæða upplifun á hreyfingu í gegnum leik. Hentar öllum og sérstaklega þeim sem finna sig ekki í boltaleikjum og njóta sín vel í frjálsum leik. Námsmat byggt á virkni í tímum.

- **Ein kennslustund í viku**

### Knattspyrna 8 9 10

Nemendur spila fótbolta undir stjórn íþróttakennara í tvær kennslustundir, farið. Skilyrði er að nemendur mæti í íþróttafötum og innanhússkóm. Námsmat er byggt á virkni og þátttöku nemenda í tímum.

- **Tvær kennslustundir í viku**

## Skólahreysti 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Farið í grunnæfingar fyrir Skólahreysti, þ.e. styrktar, þol og hraðæfingar. Áhersla á tækniatriði og reglur fyrir keppnina í Skólahreystibrautinni. Einnig farið yfir þætti sem skipta máli fyrir keppni sem þessa, s.s. hvíld og mataræði. Keppnin er að vori svo lið skólans er valið í byrjun janúar og þeir sem eru í liðinu taka það sem valgrein á vorönninni. Keppendur eru aðeins úr 9. og 10. bekk en nemendur í 8. bekk geta tekið þetta val til að undirbúa sig. **Aðeins þeir sem eru tilbúnir að vera í keppnisliðinu geta tekið þetta val.**

- Ein kennslustund á viku

## Nemendaráð 8 9 10

**Kosið er í nemendaráð að vori innan hvers bekkjar og valáfanginn því ekki á valblaðinu**

**Markmið:** Unnið er eftir markmiðum í aðalnámskrá í samfélagsfræðigreinum. Markmið nemendaráðsins er að efla samvinnu milli ólíkra nemenda og virðingu fyrir störfum og skoðunum annarra. Einnig er verið að stuðla að ákveðni samfélagslegri ábyrgð þar sem að vinna nemendaráðsins snertir beint aðra nemendur, ekki eingöngu þá sem eru í nemendaráði.

**Námsefni:** Verum virk - Félagsstarf, fundir og framkoma

**Kennslutilhögun:** Í hverri viku hittist nemendaráðið og fer yfir hvað þarf að gera á næstunni, skiptir með sér verkum og setur vinnuna í gang. Nemendum er skipt í nefndir og hefur hver nefnd yfirumsjón með hverju verkefni. Nefndirnar eru auglýsinga-, tónlistar-, íþróttar-, ljósmynda- og myndbandanefnd. Þegar það er ekki verið að vinna að viðburðum þá er farið í félagsstarfabókina Verum virk.

**Námsmat:** Gefið er lokið og ólokið fyrir vinnuna í nemendaráði. Venjulegt námsmat fer ekki fram líkt og í öðrum fögum heldur teljast nemendur hafa lokið áfanganum ef þeir mæta og vinna sína vinnu eftir bestu getu.

- Tvær kennslustundir á viku

## **Valgreinar utan skóla**

Heilt skólaár - samtals 4 valgreinar.

Þeir valáfangar sem koma hér á eftir eru í samstarfi við aðila utan skólans og kennsla fer fram annarsstaðar en í skóla og jafnvel ekki á skólatíma.

## Aðstoð við þjálfun 9 10

Ef nemandi er að æfa íþrótt og hefur áhuga á að aðstoða við þjálfun innan íþróttagreinarinnar geta nemendur fengið það metið inn sem valgreinar. Nemandi sækir þá beiðni til aðstoðarskólastjóra sem fyllist út af foreldrum og þjálfara. Skilyrði fyrir móttöku beiðninnar er að umræða hafi átt sér stað á milli foreldra og þjálfara. Hafið samband við aðstoðarskólastjóra ef áhugi er fyrir hendi.

## Íþróttافرéttamenska

**Kennslutilhögun og námsmat:** Í valinu kynnast nemendur íþróttافرéttamensku.

Aðallega verður unnið með körfubolta, en ef áhugi er fyrir því hjá þeim sem taka þátt, tökum við einnig fyrir fótbolta þegar því verður við komið. Ef þú hefur áhuga á íþróttum eða vilt prufa að skrifa um íþróttaviðburði, taka myndir af íþróttaleikjum, lýsa

Íþróttaleik eða taka viðtöl við íþróttafólk. Þá er þetta valið fyrir þig! Valið fer alfarið fram utan skóla, á Teams, á kvöldin og um helgar. Hópurinn hittist og svo skrá nemendur sig á leiki og í hlutverk. Nemendur mæta með leiðbeinanda á körfuboltaleiki og kannski einhverja fótboldaleiki og jafnvel án leiðbeinanda seinna ef þeir treysta sér.

Gerð er krafa um 14 klukkustundir af mætingu til að fá „Lokið“ fyrir valið. Nemendur fá einnig umsögn þar sem lagt er mat á þeirra framlag í valinu.

- **Valið telur sem tvær kennslustundir**

## **Rafíþróttir** 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Rafíþróttadeildir Njarðvíkur/Keflavíkur bjóða nemendum í 8. 9. og 10. að fá nám sitt metið sem val. Skipulögð starfsemi sem bíður nemendum uppá markvissar æfingar undir handleiðslu þjálfara.

Mikil fjölgun hefur orðið meðal iðkenda í rafíþróttum og munu nemendur hafa tækifæri til að kynnst nýjum einstaklingum með sömu áhugamál. Námið er unnið í samvinnu við ECA og RÍSí. Lagt verður upp með gott samstarf við foreldra og forráðamenn.

Æfingar eru seinnipart dags, nánari upplýsingar á æfingatöflu í haust. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins.

**Markmið:** Stuðlað verður að aukinni samskiptahæfni og betri samvinnu, þar sem ákvarðanatataka verður eflað ásamt líkamlegri hæfni t.d samhæfing augna og handa ásamt viðbragðstíma. Hvatt er til heilbrigðs jafnvægis milli tölvuleikja notkunar og líkamlegrar beytingar, einnig verður farið yfir öryggi á netinu.

## **Unglingadeildin Klettur** 9 10

**Unglingadeildaval í samstarfi við Björgunarsveitina Suðurnes.**

Nemendur stunda nám í Unglingadeildinni Klettur og mæta á fundi á fimmtudagskvöldum kl. 20:00-22:30. Nemendur mæta jafnframt í dags- og helgarferðir 1 x 2 á önn. Nemendur mæta sjálfir þeim kostnaði sem til fellur við ferðirnar, en honum er haldið í lágmarki og oftast koma nemendur sjálfir með nesti.

**Markmið:** Að nemendur:

- verði sjálfstæðir einstaklingar.
- læri allt sem tengist útivist og ferðamennsku og fundið athafnaþrá sinni farveg.
- kynnist starfi björgunarsveita.

**Námsmat:** Umsögn um nemendur ásamt skráningunni lokið eða ólokið. Nemendur þurfa að vera með yfir 80% mætingu til að fá lokið í valinu.

## **Tónlistarnám** 8 9 10

Þetta er valfag fyrir nemendur sem stunda tónlistarnám við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nemendur greiða sjálfir skólagjöld og annan kostnað til Tónlistarskólans.

**Markmið:** Að viðurkenna tónlistarnám nemenda og hvetja þá til að taka tónlistarnám sitt alvarlega.

**Kennslutilhögun:** Nemendur stunda tónlistarnám undir leiðsögn tónmenntakennara. Njarðvíkurskóli metur tónlistarnámið til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans.

**Námsmat:** Lokið/ólokið

## Íþróttir/þjálfun í samstarfi við íþróttafélög 8 9 10

Þetta er valfag fyrir nemendur sem hafa stundað sömu íþrótt undanfarin tvö ár eða lengur. Aðeins kemur til greina að viðurkenna þjálfun nemenda sem stunduð er hjá deildum íþróttafélaga sem hafa hlotið viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag/fyrirmyndardeild. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins. Til þess að nemendur geti valið þennan kost þurfa þeir að fá undirskrift frá þjálfara, foreldri og umsjónarkennara. Eyðublaðið fá nemendur hjá aðstoðarskólastjóra í upphafi skólaárs.

**Markmið:** Að viðurkenna störf nemenda innan íþróttafélaganna og hvetja þá til að taka íþrótt sína alvarlega.

**Kennslutilhögun:** Nemendur stunda þjálfun sinnar íþróttagreinar undir stjórn þjálfara. Njarðvíkurskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Aðstoðarskólastjóri hefur umsjón með að nemendur stundi þjálfun sína af vinnusemi og alvöru.

**Námsmat:** Lokið/ólókið

## 88 húsið- klúbbar 8 9 10

**Kennslutilhögun og námsmat:** Þeir nemendur sem eru í skráðir í hópastarf í Fjörheimum s.s. ungmennaráð, Fjörclub eða listaklúbb geta nýtt það starf sem valgrein. Nemendur mæta í klúbbastarfið eftir skipulagi klúbbsins. Mætingar og virkni metin.

- **2 kennslustundir í viku. Kennt í Fjörheimum (88 húsinu) að kvöldlagi kl. 19:30-21:30.**

*Ef nemandi hættir í tómstund/íþrótt ber foreldrum/nemenda skylda til þess að láta aðstoðarskólastjóra vita um leið sem úthlutar þá nemandanum nýja valgrein.*

## Framhaldsskólaáfangar allt árið - FS 9 10

Samtals **12 valgreinar** í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja

| Val í FS kl. 15:00 – 16:20                   |   |
|--|---|
| Þriðjudagar                                  | Miðvikudagar                                |
| Enska – ENSK2KO05                            | Stærðfræði – STÆR2AH05                      |
| Spænska - SPÆN1SO05                          | Þýska – ÞÝSK1BO05                           |
| Rafmagn fyrir stúlkur/stálp– RAFG1KY05       | Rafmagn fyrir drengi/stálp– RAFG1KY05       |
| Textíl og hár fyrir stúlkur/stálp– TXHÁ1FH05 | Textíl og hár fyrir drengi/stálp– TXHÁ1FH05 |
| Húsasmíði fyrir drengi/stálp – HÚSA1KY05     | Húsasmíði fyrir stúlkur/stálp – HÚSA1KY05   |
| Forritun FORR2PH05                           | Málsmíði/suða fyrir drengi/stúlkur/stálp    |

### Inntökuskilyrði í valgreinar í FS:

**Stærðfræði - STÆR2AH05:** Nemandi þarf að uppfylla skilyrði um framúrskarandi hæfni við lok 9. bekkjar. **Inntökuskilyrði: Góð stærðfræðikunnátta, góð ástundun og virkni í námi. Nemendur þurfa að ná einkunn sem FS krefst á 2. þrep (A eða B+). Einnig er stuðst við mat faggreinakennara.**

Meginefni áfangans er algebra, föll og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Efnispættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: bókstafareikningur, veldi og rætur, jöfnur af

öðru stigi, könnun annars stigs ferla (fleygboga) í hnitakerfi, meðferð algebrubrota margliðudeiling, ójöfnur af fyrsta og öðru stigi og hornaföll í réttthyrndum þríhyrningi. Föll: fallhugtakið er innleitt og nokkur algeng föll kynnt.

**Enska - ENSK2O05:** Nemandi uppfyllir skilyrði um framúrskarandi hæfni við lok 9. bekkjar. **Inntökuskilyrði: Góð ensku kunnátta, góð ástundun og virkni í námi. Nemendur þurfa að ná einkunn sem FS krefst á 2. þrep (A eða B+). Einnig er stuðst við mat faggreinakennara.**

Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á krefjandi texta. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér krefjandi orðaforða, tjá hugsun sína skýrt í riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan orðaforða og góðan skilning. Lesin eru bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi.

**Þýska - ÞÝSK1ÞO05:** Fyrir nemendur í 10. bekk sem eru góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við einu tungumáli. **Inntökuskilyrði: góð tungumálakunnátta, góð ástundun og virkni í námi.**

**Megináhersla er lögð á** að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins í gegnum leiki, myndbrot og léttar talæfingar. Þeir eru þjálfaðir í framburði, lestri, hlustun, tali og ritun. Áhersla er lögð á uppbyggingu orðaforða og samskipti. Í lok áfangans eiga nemendur að geta sagt á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu, umhverfi og áhugamálum.

Hæfniviðmið áfangans er að nemendur skilji talað mál um kunnuglegt efni, ef talað er hægt og skýrt og tekið þátt í einföldum samræðum

**Spænska - SPÆN1SO05:** Fyrir nemendur í 10. bekk sem eru góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við einu tungumáli. **Einnig þurfa nemendur að vera með góða ástundun og virkni í námi.**

Í áfanganum er lögð áhersla á grundvallaratriði í málfræði spænskrar tungu og menningu spænskumælandi þjóða. Einnig eru nemendur þjálfaðir í að tjá sig um almenn atriði daglegs lífs í ræðu og riti. Réttritun og framburður er æfður ásamt þjálfun í lesskilningi. Nemendur eru hvattir til að nota kennsluforrit á spænsku til að æfa sig í málfræði, orðaforða, framburði, réttritun og lesskilningi.

**Forritun – FORR2PH05:** fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. **Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.**

Nemendur kynnast forritun og grunnuppbyggingu forrita í gegnum forritunarmálið Python. Farið verður í breytur og tög, skilyrðissetningar, föll, gagnaskipan, lykkjur, inntak og úrtak og kynning á klösum og fleira.

Þekkingarviðmið: *Forritunarmálinu Python, grundvallaratriðum forritunar*

Leikniviðmið: *skrifa almenn forrit, leysa almennar þrautir forritunarlega*

Hæfnisviðmið: *halda áfram í frekara nám til að þróa háþróaðri tölvukerfi, skrifað einföld forrit*

**Rafmagn - RAFG1KY05:** Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. **Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.**

Í áfanganum er farið í verktækni og umgengni um kennslubúnað. Nemendur læra að

beita helstu hand- og rafmagnsverkfærum. Fjallað er um framleiðslu raforku og hvernig henni er dreift. Fjallað er um efni, efnisfræði og búnað í minni neysluveitum. Nemendur fá æfingu í að leggja lagnir í tiltekið lagnarými. Þá læra þeir að lóða með lóðbolta og að setja saman einfalt rafeindatæki. Farið er m.a. í rafmagnsfræði, rofabúnað og rafeindarásir þar sem nemendur fá að smíða einfaldar rafeindarásir.

**Húsasmíði - HÚSA1KY05:** Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. **Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.**

**Nemandi hannar og býr til einhvern hlut** t.d. hillu, skáp, borð eða annan nytjahlut úr timbri. Í áfanganum er farið í verktækni og umgengni um kennslubúnað. Nemendur læra að beita helstu hand- og verkfærum. Hluti námsins er bóklegur með skriflegum prófum.

**Textíl og hár - TXHÁ1FH05:** Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. **Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag**

**Kennslufyrirkomulag er þannig að aðra vikuna er textíl og hina hár.** Nemendur kynnast tískustraumum í hártísku, fatnaði og förðun.

Textílhloti: Nemendur sauma t.d. leggings, bol/peysu, mjúkar buxur, tiskuteikning, litir o.fl. Hver og einn getur valið sér auðveld verkefni miðað við eigin stíl og fatasmekk. Kennt á saumavélar og að taka mál og velja snið eftir vexti.

Hársnyrtihloti: Nemendur vinna verklega hluta t.d. Hárvott og næringarnudd.

Fræðast um helstu hársnyrtivörur. Kennar verða fléttur og einfaldar greiðslur. Farið í gegnum hár- og húðumhirðu ásamt léttri förðun. Kennnd notkun áhalda, sléttujárn, krullujárn, keilujárn, bylgju og vöflujárn.

**Suða og málmur SUDA1SS05/MALM2MA05.** Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

**Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag**

Nemendur þjálfast í notkun á mismunandi suðum og læri á þann suðubúnað sem þarf til þess að geta soðið í nokkrum suðustöðum. Unnið er að ýmsum verkefnum sem tilheyra málmsmíði og vélstjórn, notkun tafla, mælitækja, smíðavéla og handverkfæra. Samhliða fer fram fræðsla um slyshættu og öryggisþætti. Farið er yfir notkunarvið verkfæra meðhöndlun, umhirðu og viðhald.

### **Mætingareglur Fjölbrautaskóla Suðurnesja**

- Þeir nemendur sem eru í valfögum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim mætingareglum sem gilda í FS.
- Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar kennslustundir. Tímarnir hefjast kl. 14:50 og þeim lýkur kl. 16:15.
- Ef nemendur eru veikir eða þurfa leyfi þarf grunnskólinn að tilkynna það með tölvupósti eða á skrifstofu FS í síma 421-3100.
- Grunnskólarnir eru látnir vita ef það falla niður tímar í FS.
- Það er ekki frí í valfögnum þó að kennsla falli niður í grunnskólunum, til dæmis vegna starfsdaga eða annars.
- Ef nemendur sjá fram á það að vera frá skóla í einhvern tíma, til dæmis vegna utanlandsferða, er hentugra fyrir þá að taka valfög í grunnskólanum. Það er mjög erfitt fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, þar sem þeir eru

bara einu sinni í viku, sérstaklega í verklegum greinum þar sem þeir hafa ekki möguleika á því að vinna verkefnið heima.

Mætingareglurnar má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans [www.fss.is](http://www.fss.is) undir skólinn, almennar upplýsingar og skólareglur.

### **Innritunargjald**

**Nemendur sem velja sér valgrein í FS þurfa að greiða innritunargjald kr. 6.000 en einnig getur bæst við efnisgjald í verklegum greinum.**